

En nú hefur ráðgjafinn með brjefi, dagsettu 4. f. m., skýrt mjer frá, að þessu 56
boði ensku póststjórnarinnar hafi verið tekið fyrir hönd Íslands, og geti þetta nýja fyr- 4. júní.
irkomulag byrjað 1. júlí næstkomandi; en lönd þau er það gildir um eru þau, er nú
skal greina:

Í Asíu:

Eignir Englendinga á Malacca (Straits Settlements).

Ceylon.

Cypern.

Hong-Kong og pósthús þau í Amoy, Canton, Foo Chow, Hankow, Hoihow, Ningpo, Shanghai og Swatow, sem heyra undir ensku póststjórnina í Hong-Kong.

Japan.

Norðurhluti eyjarinnar Borneo.

Í Afríku:

Gambía.

Gullströndin.

Kapnyflendan.

Lagos.

Mauritius.

Natal.

St. Helena.

Seychella-eyjarnar.

Sierra Leona.

Í Ameríku:

Antigua.

Bahama-eyjarnar.

Barbados.

Bermudas-eyjarnar.

Hluti Englendinga af Guyana.

Hluti Englendinga af Honduras.

Dominica.

Falklands-eyjarnar.

Grenada.

Jamaika.

Montserrat.

Nevis.

New Foundland.

St. Kitts.

St. Lucia.

St. Vincent.

Tabago.

Trinidad.

Turks Íslands.

Í Ástralíu:

Nýja Suður-Wales.

Nýja Zeeland.

Queensland.

Suður-Ástralía.

Tasmanía.

Victoria.

Vestur-Ástralía.

Jeg skal þessvegna þjónustusamlega skora á yður, herra póstmeistari, að taka þessa nýbreytingu til greina við póstafræðsluna hjér frá 1. júlí næstkomandi.

Samþykkt fyrir Rosmhvalanesshrepp innan Skaga, Vatnsleysustrandar-, Garða- og Bessastaða hreppa um fiskiveiðar á opnum skipum. — Sýslunefndin í Kjósar- og Gullbringusýslu hefur samkvæmt lögum 14. desember 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, gjört eptirfylgjandi 57
9. júní.

«Samþykkt

um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, fyrir Rosmhvalaneshrepp innan Skaga, Vatnsleysustrandar, Garða og Bessastaða hreppa.

1. grein.

Enginn má leggja þorskanet í sunnanverðum Faxaflóa utar eða dýpra en svo, að varða sú, sem sett verður á suðausturenda Langholts, beri um Stóra-Hólm í Leiru; skal því netatakmarki haldið svo lengi, sem þessi mið sjást, en að þeim slepptum skal taka beina stefnu á Hengil, sem þá mun bera um Hvaleyri; skal halda því miði, þangað til Keilir er kominn um Kúagerði. Eigi skal leggja þorskanet nær landi á svæði þessu, en við grynustu hraunbrúnir. Brot gegn þessum ákvörðunum varða sektum frá 50—100 kr.

57

9. júní.

2. grein.

Tvo fyrstu straumana af hverri vetrarvertíð eptir 14. marz skulu öll þorskanet á svæði því, er um ræðir í 1. gr., svo og á Hafnarfirði innan Melshöfða og Hraunsness tekin upp og flutt í land daginn fyrir tunglkomu- eða tunglfullingardag eptir almanakinu, og eigi lögð aptur fyr en eptir hádegi daginn eptir tunglkomu- eða tunglfullingardaginn. Skulu þannig öll þorskanet vera í landi 2 sólarhringa í tvo fyrstu straumana framan af hverri vetrarvertíð. Geti menn ekki vegna veðurs eða annara hindrana tekið netin í land þá daga, sem nefndir eru, skulu þau flutt í land, hvenær sem tækifæri gefst næst á eptir, og þá haldið í landi fulla tvo sólarhringa tvisvar á vertíð. Hver sá fiskimaður, sem getur, skal skyldugur að flytja þau net í land, sem hann veit eða sjer að í sjó liggja þá daga, sem þau eiga að vera í landi. Brot gegn þessum ákvörðunum varða sektum frá 10—100 kr.

3. grein.

Bannað skal að draga upp þorskanet fyr en bjart er af degi, og eigi skal draga upp þorskanet síðar á degi en um sólarlag, að viðlögðum sektum frá 10—50 kr. fyrir hverja þá skipshöfn, sem uppvís verður að broti gegn ákvörðun þessari.

4. grein.

Öllum þeim, er til fiskjar róa, skal bannað að varpa í sjó grjóti, sem til seglfestu hefur verið notað, nema brýna nauðsyn beri til. Brot móti þessu varða sektum frá 5—10 kr.

5. grein.

Fyrir innan Stakk við Hólmsberg skulu allir fiskimenn á svæði því, er samþykktin nær yfir, skyldugir að bera niður á fiskimiðum — einkanlega þar sem hraun er fyrir í botni — hrogn úr öllum fiski, er aflast á tímabilinu frá 14. marz til 10. maí ár hvert, nema þau hrogn, sem höfð eru til manneldis. Skulu hreppsnefndir í hverjum hreppi hafa eptirlit með því, að þessari ákvörðun sje fylgt. Brot gegn þessari grein varða sektum allt að 20 kr. fyrir hverja tunnu hrogna, sem söltuð er til útsölu á áður greindu tímabili.

6. grein.

Allan þann háf, sem aflast, skal skera niður og hirða lifrina eina. Hver sá, sem flytur háf í land, skal greiða í sekt 10 a. fyrir hvern háf.

7. grein.

Í hreppum þeim, sem samþykkt þessi nær yfir, skal sýslumaður skipa tilsjónarmenn, svo marga sem þörf er á, til þess að gæta þess, að eigi sje brotið á móti samþykktum þessum.

8. grein.

Eptir samþykkt þessari fellur helmingur sekta til tilsjónarmanna, en helmingur til sveitarsjóðs þess hrepps, sem næstur er því svæði, þarsem brotið er framið.

9. grein.

Allir þeir, sem stunda fiskiveiðar, hvort heldur er um lengri eða skemmri tíma, þar sem fiskiveidasamþykkt þessi nær yfir, skulu vera háðir fyrirskipunum hennar. Samþykkt þessi nær yfir Rosmhvalanesshrepp fyrir innan Skaga, Vatnsleysustrandar, Garða og Bessastada hreppa.»

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni til að öðlast gildi 14. dag marzmán. 1886, og kunngjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands suðuramt, Reykjavík 9. dag júnímán. 1885.

Magnús Stephensen
settur.